

Nd.

### 30. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Sigurður Kristjánsson. Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Thor Thors og Jóhann Jósefsson.

#### 1. gr.

Frá 1. janúar 1938 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar islenzkum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Á Alþingi 1933 kom fram frumvarp um afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum. Náði það ekki lögfestu, meðal annars vegna þess, að ýmsir þingbændur lögðust gegn því, með þeim rökum, að bændur munaði þetta nær engu, en hins vegar gæti málið snert hagsmuni rikissjóðs alltilfinnanlega, þar eð óumflýjanlegt yrði að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum, ef því yrði létt af landbúnaðarafurðunum.

Á haustþinginu 1934 var málið flutt að nýju og náði þá lögfestu.

Eins og af líkum má ráða, hófust talsmenn útvegsins nú handa og fluttu þegar á næsta þingi frumvarp um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, þó að þeim vörum undanskildum, sem um getur í 2. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald, og var sú undanþága gerð af hlífð við rikissjóð, en án allrar viðurkenningar á réttmæti þess gjalds.

Svo undarlega tókst nú til, að frumvarp þetta var fellt með samhljóða atkvæðum stuðningsmanna stjórnarinnar. Ekki var því þó haldið fram, að réttmætara væri að krefjast þessa gjalds af útveginum en af landbúnaðinum, og ekki var því heldur andmælt, að út af fyrir sig væri rangt, og raunar ófært, að heimta gjald af framleiðsluvörum, sem framleiddar eru með tapi, eins og öllum er kunnugt um, að á sér stað með framleiðslu sjávarafurða.

Málsvarar útvegsins fluttu málið að nýju á síðasta þingi, en þar fór enn sem fyrr, að stuðningsmenn stjórnarinnar stóðu gegn því, svo það náði ekki fram að ganga.

Hér er nú enn á ný lagt til, að þessu gjaldi verði létt af útveginum, í þeirri von, að meiri hluti Alþingis sjái sér nú fært að láta svo augljóst réttlætismál ná fram að ganga. Engin rök hafa verið færð gegn þessari kröfu útgerðarmanna og sjómanna, önnur en getuleysi rikissjóðsins. En sú mótbára getur ekki talizt haldgóð, þegar sýnt er, að stjórnin hækkar sífellt útgjöld fjárlagafrumvarpsins, t. d. nú um 600 þús. kr., og liggur sú hækkun ekki sízt í aukinni launafúlgu, en hækkun þessi nemur hærri upphæð en hér er farið fram á, að létt sé af útveginum. Verður því ekki trúað, fyrr en fullreynt þykir, að þessum ósanngjarna skatti fáiist ekki létt af þeim atvinnurekstri landsmanna, er að langmestu leyti stendur undir öflun erlends gjaldeyris til kaupa á aðfluttum nauðþurftum þjóðarinnar, og brauðfæðir beint og óbeint mestan hluta alls almennings við sjávarsíðuna, en hefir í mörg ár verið rekian með halla, er nú mjög að þrotum kominn efnalega og í hinni mestu þröng.